



Fréttatilkynning
frá
skrifstofu forseta Íslands

NÝR FORSETI KÍNA HEILLAÓSKIR

Forseti Íslands Ólafur Ragnar Grímsson hefur sent nýjum forseta Kína, Xi Jinping, heillaóskir frá sér og íslensku þjóðinni. Í kveðjunni minnst forseti Íslands funda þeirra á undanförunum árum þar sem fram hefði komið eindreginn stuðningur Xi Jinping við aukna samvinnu Íslands og Kína.

Í þeim efnum væru lagning hitaveitna í kínverskum borgum og rannsóknir vísindamanna á bráðnun íss á Norðurslóðum meðal brýnna verkefna. Áformin um sameiginlegar rannsóknir á norðurljósum og sigling Snædrekans milli Shanghæ og Íslands nálægt Norðurljósum á liðnu ári væru og vitnisburður um þessa þróun. Íslenskir jöklafræðingar hefðu stuðlað að rannsóknum á Himalajasvæðinu, m.a. með ráðstefnu sem haldin var í Háskóla Íslands árið 2011.

Forseti Íslands minnti einnig á heimsóknir kínverskra ráðamanna til Íslands og viðræður um fríverslunarsamning sem yrði væntanlega hinn fyrsti sem Kínverjar gerðu við Evrópuríki.

Íslendingar mætu mikils þann vinarhug sem komið hefði fram hjá Xi Jinping og öðrum ráðamönnum Kínverja á undanförunum árum.

18. mars 2013

Nánari upplýsingar veita skrifstofa forseta Íslands (540 4400), Örnólfur Thorsson forsetaritari (896 3028) og Árni Sigurjónsson skrifstofustjóri (820 4946).